

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Vesturbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 47/2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 15,34 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 119,0 stig og breytist árlega og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	7.004 kr.
20-24 mm	9.285 kr.
25-31 mm	11.697 kr.
32-39 mm	13.987 kr.
40-49 mm	18.691 kr.
50-74 mm	56.193 kr.
75-99 mm	60.896 kr.
100 mm og stærri	65.598 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 119,0 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Heimæðargjald.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald kr.</i>	<i>Yfirlengd kr.</i>
32 mm	251.392	5.379
40 mm	326.446	6.126
50 mm	440.264	6.882
63 mm	617.863	8.508
75 mm	864.249	11.878

Nr. 1303

20. desember 2013

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald kr.</i>	<i>Yfirlengd kr.</i>
90 mm	1.045.624	18.762
100 mm	1.234.457	21.583
110 mm	1.441.139	28.817

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heim-æðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu bygg-ingarkostnaðar 119,0 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skatt-skyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Vesturbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1262 fyrir Vatnsveitu Vesturbyggðar frá 19. desember 2012.

Vesturbyggð, 20. desember 2013.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2014